

## INNKAUPARÁÐ

Ár 2019, fimmtudaginn 19. september var haldinn 465. fundur innkauparáðs. Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14 og hófst kl. 13:00. Viðstödd voru Sabine Leskopf, Alexandra Briem og Örn Þórðarson. Einnig sat fundinn Theodór Kjartansson og Sigríður Vilhjálmisdóttir frá embætti borgarlögmans og Jóhanna E. Hilmarsdóttir frá innkaupaskrifstofu. Fundarritari var Guðbjörg Eggertsdóttir.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 22. ágúst 2019, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Hnits verkfræðistofu hf. í EES útboði nr. 14586 Fram íþróttamiðstöð –Eftirlit. R19060239.  
Samþykkt.

Hildur Freysdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 17. september 2019, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda PK Verks ehf., í útboði nr. 14625 - Eiðisgrandi. Seltjarnarnes og Boðagrandi. Hjólastígur. R19080118.  
Samþykkt.

Hildur Freysdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

3. Lagt fram erindi umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar, dags. 17. september 2019, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Jarðvals sf., í útboði nr. 14626 - Elliðaárdalur milli Stekkjarbakka og Fagrahvamms. Göngu- og hjólastígur. R19080119.  
Samþykkt.

Hildur Freysdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

4. Lagt fram erindi upplýsingatækniþjónustu Reykjavíkurborgar, dags. 17. september 2019, þar sem lagt er til að gengið verði að tilboði lægstbjóðanda Advania Ísland ehf. í útboði nr. 14639 Cisco Umbrella hugbúnaðarleyfi. R19090078.  
Samþykkt.

Tómas Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagt fram yfirlit skrifstofu miðlægrar stjórnsýslu Reykjavíkurborgar, dags. 12. september 2019, varðandi einstök innkaup yfir 1. m. kr. á 2. ársfjórðungi 2019. R19010001.

6. Lagt fram yfirlit innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 13. september 2019, yfir verkefni innkaupaskrifstofu f.h. skrifstofa og sviða í ágúst 2019. R19010001.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sjálfstæðisflokks bendir á að í framlögðu yfirliti kemur fram að skrifstofa framkvæmda- og viðhalds styðst við verðfyrirspurnir í 70% tilfella, eða 5 af 7 í innkaupum sínum fyrir ágústmánuð. Eðlilegra væri að meginreglan við stærri innkaup og framkvæmdir á vegum borgarinnar færu fram í gegnum útboð í stað verðfyrirspurna. Sömuleiðis er bent á að mikilvægt sé að vanda til gerða kostnaðaráætlana og að þær séu sem nákvæmastar og gefi sem besta mynd af fyrirhuguðum innkaupum.

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúar Samfylkingar og Pírata benda á að innkaup samkvæmt þessu yfirliti eru í samræmi við innkaupareglur borgarinnar og lög um opinber innkaup.

7. Lagt fram svar innkaupaskrifstofu Reykjavíkurborgar, dags. 18. september 2019, varðandi stöðu undirbúnings á útboði rammasamnings um þjónustu sérfræðinga í umhverfis-, samgöngu-, skipulags- og byggingamálum fyrir Reykjavíkurborg, sbr. 4. lið fundargerðar innkauparáðs frá 5. september 2019.

Innkauparáð leggur fram svohljóðandi bókun:

Innkauparáð þakkar innkaupaskrifstofu greinagóða yfirferð yfir þá miklu vinnu sem lögð hefur verið í þessa mikilvægu breytingu. Ráðið ítrekar jafnframt þann vilja sinn að sú tímaáætlun sem lýst er standist.

**Fundi slitið kl. 13:34**

Sabine Leskopf

Alexandra Briem

Örn Þórðarson